

## Þjóðin býr sig undir fárviðri víða um land

Gríðarlegt hvassviðri átti að skella á landinu nú í nótt og snemma dags samkvæmt veðurspám. Almannavarnir lýstu yfir óvissustigi og búist var við miklum truflunum á samgöngum. Er öllu flugi aflýst. Sama gildir um skólahald víða um land.

**VEÐUR** Rauðar veðurviðvaranir eru í gildi fyrir hádegi í dag frá Hornafirði í austri til Snæfellsness í vestri vegna ofsaveðurs sem ganga á yfir landið.

„Veðrið verður verst á sunnanverðu landinu milli klukkan sjö og ellefu. Eftir hádegi færirst það svo norður yfir,“ sagði Birgir Örn Höskuldsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, í gærkvöldi.

Að sögn Birgis má búast við að vindstyrkurinn verði á bilinu 28 til 35 metrar á sekúndu milli klukkan sex og ellefu. Allra verst verði veðrið á Suðausturlandi því þar fylgi mikil úrkoma. Þar geti orðið mjög mikil hrið fyrir hádegi samfara vindinum.

„Þetta er ofsaveður og fárviðri,“ sagði veðurfræðingurinn.

**Veðrið verður verst á sunnanverðu landinu milli klukkan sjö og ellefu.**

Birgir Örn Höskuldsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands

**» Neyðarskýli fyrir heimilisláust fólk verða opin í allan dag.**

Draga fer úr vindi sunnan til á landinu upp úr hádegi en að sama skapi fer þá að bæta mjög mikið í vind fyrir norðan. Þar má, að sögn Birgis, líka búast við snjókomu á sumum svæðum. Vindstyrkurinn verði minni fyrir norðan. „En það verður samt alveg bálhvasst,“ sagði hann.

Almannavarnir lýstu í gær yfir óvissustigi vegna veðurspárinnar og skólahald leggst víða alfarið af. Ýmsir vinnustaðir hafa einnig ákveðið að starfsfólk þurfi ekki að mæta til vinnu.

Allt flug liggur niðri og búast má við lokunum á þjóðvegum. – gar, áá


### Viðtækar lokanir

■ **Samgöngur** Allt innanlands- og millilandaflug liggur niðri og búist er við viðtækum lokunum á þjóðvegum landsins til hádegis í dag og jafnvel fram eftir degi. Nánari upplýsingar eru á vef Vegagerðarinnar. Akstur Strætó liggur niðri en nánari upplýsingar verða gefnar á vef Strætó milli klukkan 10 og 11.

■ **Skólahald** Skólahald í leik- og grunnskólum liggur niðri um allt suðvestanvert landið og á Norðvesturlandi. Skólabyggingum verður þó víða haldið opnum til að tryggja að yngstu börn starfsmanna í neyðarþjónustu fái lágmarkþjónustu. Ekki er þó talið líklegt að veður trufla skólahald á Akureyri að því er fram kemur á vef bæjarins en fólk þó beðið að fylgjast vel með heimasíðum skólanna og bæjarins.

■ **Aðrir skólar** Kennsla í Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík liggur niðri en engin samræmd ákvörðun hefur verið tekin um lokun framhaldsskóla. Bent er á heimasíður skólanna.

■ **Þjónusta** Neyðarskýli fyrir heimilisláust fólk verða opin í allan dag en skerðing verður á þjónustu heimahjúkrunar í Reykjavík. Allir bókaðir tímar hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu falla niður, takmarkaðar opnanir verða á líkamsræktarstöðvum og sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu verða opnaðar í fyrsta lagi klukkan 15. Þá liggur starfsemi Póstsins niðri á þeim svæðum þar sem rauð viðvörðun er í gildi. Takmörkuð starfsemi er hjá dómstólum suðvestanlands og hafa dómáráð frestað þinghaldi vegna veðurs.



Varðskipið Þór kom til Reykjavíkur á miðvikudag og lagðist að bryggju við Miðbakka en ekki Faxagarð eins og venja er vegna framkvæmda þar að sögn Ásgeirs Erlendssonar, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar. Varðskipin hafi aðsetur á Miðbakka fram á vor. Þór fór áleiðis til Vestfjarða klukkan þrjú eftir hádegi í gær. Áhöfnin á Tý verður svo til taks í Reykjavík vegna óveðursins ef á þarf að halda að sögn Ásgeirs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Nýr e-up!

Ódýrasti rafbíllinn  
260 km drægni




Verð frá  
2.990.000 kr

HEKLA · Laugavegl 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000





## Veður



Hvessir í nótt, rok eða ofsaveður 23-30 m/s með morgninum, en fávíðri, yfir 32 m/s, í vindstrengjum S til. Víða slydda eða snjóköma á morgun, úrkomumest S- og A-lands. **SJÁ SIÐU 18**



Morgunblaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verktakar máttu vinna

**DÓMSMÁL** Verktökum sem starfa hjá Morgunblaðinu var heimilt að sinna fréttaskrifum á mbl.is á meðan verkfall félagsmanna í Bládamannafélagi Íslands stóð 8. nóvember síðastliðinn. Dómur Félagsdóms í máli Bládamannafélagsins gegn Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, féll í gær.

» Árvakur braut lög með því að láta blaðamann sem er í VR skrifa fréttir í verkfallinu.


Þar segir að þar sem þeir verktakar sem hafi verið að störfum standi utan stéttarfélaga hafi verkfallsaðgerðirnar ekki tekið til þeirra. Einnig telur dómurinn að heimilt hafi verið að birta tímastilltar fréttir á mbl.is sem skrifaðar höfðu verið áður en verkfallið skall á.

Hins vegar telst Árvakur hafa brotið gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur með því að láta blaðamann sem er í VR skrifa fréttir í verkfallinu. Þá var gagnkröfu Árvakurs þar sem farið var fram á að verkfallið yrði dæmt ólöglegt hafnað.

Dómurinn telur umfang brota Árvakurs ekki nógu mikið til að verða við kröfu um sektargreiðslu. Málskostnaður fellur niður en báðir aðilar fóru fram á að hinn yrði dæmdur til að greiða málskostnað. – sar

Blaðamenn og ljósmyndarar á ritstjórn Fréttablaðsins eru félagsmenn í Bládamannafélaginu.

## Hildur á Hugarflugi



Óskarsverðlaunahafinn Hildur Guðnadóttir var fyrirlesari á Hugarflugsráðstefnu Listaháskóla Íslands í gær. Átti Hildur samtal frá Berlín við ráðstefnugesti sem fylltu salinn. „Við erum ótrúlega þakklát fyrir að hún gefi sér tíma,“ sagði Ólöf Hugufrún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri Hugarflugs, við Fréttablaðið á þriðjudag. Hildur er ein þeirra sem útskrifuðust fyrst af tónsmíðabraut með áherslu á nýmiðla frá skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Engir fundir með Eflingu

**KJARAMÁL** Tveggja og hálf dags verkfalli félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg lauk í gær. Engar viðræður hafa verið boðaðar í kjara-deilu félagsins við borgina.

» Eftir tveggja og hálf dags verkfall félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg taka viðviðtækar lokanir vegna óveðurs.

Engar verkfallsaðgerðir voru boðaðar í dag. Stór hluti þeirra sem deilan snýr að starfar á leikskólum borgarinnar sem því áttu að endurheimta þessa starfskrafta í dag og starfsemin að færast í venjubundið horf. Leikskólarnir verða hins vegar lokaðir í dag vegna slæmrar veðurspár.

Verði ekki búid að semja boðar Efling ótímabundið verkfall á mánudaginn. Engir fundir eru boðaðir í deilunni. – gar

# Rannsaka umfjallanir um Samherjamálið

Nemendur í félagsfræði við Háskóla Íslands rannsaka fjölmiðlaumfjöllun um Samherjamálið í námskeiði í skólanum. Aðjunkt við skólann segir mikilvægt að nemendur kynnist því að vinna að raunverulegum málum í námi sínu.

**SAMFÉLAG** „Við tókum fyrir eitt stórt mál og rannsókum hvernig íslenskir fjölmiðlar hafa tæklað það, nú er það Samherjamálið,“ segir dr. Arnar Eggert Thoroddsen, aðjunkt við námsbraut í félagsfræði við Háskóla Íslands og umsjónarmaður grunnnáms í fjölmiðlafræði.

Hann kennir meðal annars námskeiðið Fjölmiðlarannsóknir: Álita- og ágreiningsmál, þar sem nemendur eru nú í óðaönn að skoða fjölmiðlaumfjöllun um Samherjamálið.

Nemendur námskeiðsins skoða fréttir og umfjallanir sem birst hafa í dagblöðum, á netmiðlum og ljósvakamiðlum og beita kenningum sem þau hafa lært í námi sínu til að greina umfjöllunina sem málið hefur hlotið.

„Ég skipti nemendum upp í litla hópa, hver með sitt sérsvið og okkur liður dálítið eins og við séum í litlu rannsóknarfyrirtæki,“ segir Arnar og kímir. „Það er svona stemningin sem við reynum að ná upp, að setja smá Mission: Impossible filing í þetta. Ég geri þau út af örkinni og við gerumst fræðilegir rannsóknarblaðamenn. Við höfum ákveðið margar vikur til að leysa málið, byrjum með tvær hendur tómar en klárum þetta svo með bústnum skýrslum.“

Verkefnið er enn í fullum gangi svo ekki er komin lokandiurstaða en Arnar segir ýmislegt áhugavert hafa komið fram. „Þetta er auðvitað risastórt mál en við sjáum að í upphafi var rosalega mikil umfjöllun, svona sprenging, og síðan minnkar hún eðlilega með tímanum.“

Nemendur hans skoða fjölmiðlaumfjöllun um Samherjamálið frá sem flestum sjónarhornum og beita fjölmiðlafræðikenningum líkt og



Nemendur í námskeiðinu Fjölmiðlarannsóknir við Háskóla Íslands. Arnar Eggert og samkennari hans, Egill Bjarnason, eru fremstir á myndinni.

» Sá sem liggur undir ámæli fer oftast í samsæriskenningar og ásakanir.

Dr. Arnar Eggert Thoroddsen, aðjunkt við Háskóla Íslands

þema- og innihaldsgreiningu. „Þau hafa til dæmis óneitanlega orðið vör við þá taktík sem Samherji notar gegn fjölmiðlum,“ rifjar Arnar upp. „Einnig kom það þeim líka á óvart hversu lítill munur var á umfjöllunum skyldra miðla, eins og til dæmis á fréttastofum RÚV og Bylgjunnar.“

„Í þessum stóru hneykslismálum má í raun alltaf sjá sömu línuna, til dæmis að sá sem liggur undir ámæli fer oftast í samsæriskenningar og ásakanir,“ heldur hann áfram. „Sakborningar reyna eins og þeir geta að minnka skaðann með því að núa

fjölmiðlum því um nasir að þeir hafi einhverjar annarlegar kenndir.“

Aðspurður um mikilvægi þess að nemendur fái að rannsaka raunveruleg mál í náminu segir Arnar það afar mikilvægt. „Það er nauðsynlegt að þau fari út á akurinn og beiti þessum hugtökum sem þau eru búin að vera að læra á raunveruleg dæmi og það er í rauninni tilgangurinn með þessu námskeiði,“ segir hann.

Í félagsfræðinni hefur Arnar verið þekktur fyrir skemmtilegar kennsluáðferðir. „Það er mikilvægt að örva fólk, nálgast nemendur af virðingu og á hæfilegum jafningja-grundvelli getum við sagt,“ segir hann. „Ef þau finna að kennarinn sjálfur er ástríðufullur og áhugasamur, ærlegt eintak sem gefur sig að nemendum, þá geta magnaðir hlutir gerst.“

birnadrofn@frettabladid.is

**STÓR HUMAR**

**HUMARSÚPA**

**OPIÐ LAUGARDAG 10-15**

**Fískikóngurinn**

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



# Sáningarhelgi Garðheima

— ★ ★ ★ —

NÚ ER TÍMINN TIL AÐ HUGA AÐ SÁNINGU FYRIR VORIÐ.  
RÁÐGJÖF Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 16

— ★ ★ ★ —



20%

AF FRÆJUM, MOLD,  
SÁÐBÖKKUM OG POTTUM



Ferskt salat og kryddjurtir allan ársins hring?

ÞAÐ ER HÆGT Á EINFALÐAN HÁTT MEÐ VATNSRÆKTUNARKASSANUM HARVY.

KYNNING Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 OG 16

Moltugerðarkassinn  
Jora er kominn!

ÖFLUGAR OG VANDAÐAR TUNNUR  
SEM BREYTA ÚRGANGI Í MOLD  
Á 12 VIKUM VIÐ KJÖRÐSTÆÐUR



Gleðilegan Valentínusardag!




Fersk pottaplöntusending



20% AFSLÁTTUR  
AF BLÓMAPOTTUM

TILBOÐ:  
VORBOÐAVENDIR  
3.900KR



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



# Wei Li gaf Samhjálp skemmdu myntina sem hann fær ekki skipt

**PENINGAR** Kinverski ferðamaðurinn Wei Li, sem kom eins og ferskur andblær inn í íslenskt efnahagslíf, heldur um helgina af landi brott.

Wei Li átti í gær fund með fulltrúum Samhjálp og gaf samtökunum riflegan sjóð af skemmdri íslenskrí mynt.

„Ég vona að íslenskir bankar verði liðlegri við þau en mig,“ segir Li.

Áður hafði Li gefið ónefndum listamanni brot af myntsafninu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær á Li enn inneignarnótur upp á um 360 þúsund hjá Arion banka eftir að hafa sturtað hluta af myntsafni sínu í myntvélar bankans. Bankinn neitar að greiða Li þessa fjármuni. Kvittuninum ætlar hann þó að halda fyrir sjálfan sig enn sem komið er.

„Ég hef ekki gefið upp vonina um að innheimta þá upphæð,“ segir hann.



Fjársjóður barst Samhjálp í gær.

Það er draumur minn að kynna töfra Íslands fyrir dóttur minni.

Wei Li

Þrátt fyrir að íslenskir bankar hafi ekki kunnað að meta innspýtingu Li inn í ískalt íslenskt hagkerfi er hann ánægður með Íslandsferðina að þessu sinni.

„Ég elska Ísland. Ég fer núna heim til Kína og hitti fjölskyldu mína. Ég á eins árs gamla dóttur. Við ætlum að flytja til Kanada á næstunni. Það er draumur minn að kynna töfra Íslands fyrir dóttur minni,“ segir Wei Li. – bp



Meðal vinnuvika karla var um 46 tímar í fyrra. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Vinnuvikan er 44 klukkutímar

**VINNUMARKAÐUR** Á síðasta ári voru að meðaltali um 7.400 manns á aldrinum 16-74 ára atvinnulausir sem jafngildir 3,5 prósentum af vinnuaflinu. Til samanburðar var atvinnuleysi 2018 að meðaltali 2,8 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofnunni og byggja tölurnar á vinnumarkaðsrannsókn stofnunarinnar.

Meðalvinnuvika einstaklinga var tæpar 44 stundir á síðasta ári miðað við fullt starf. Karlar unnu lengri vinnuviku en konur eða 45,7 stundir á móti 41 stund að meðaltali. Hér er bæði um að ræða tíma í aðal- og aukastarfi.

Á höfuðborgarsvæðisinu var

» Árið 2019 var fjöldi á vinnumarkaði 208.500.

vinnuvikan að meðaltali 42,5 stundir en 46,3 stundir utan þess. Þá unnu karlar utan höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 16-74 ára að meðaltali 48,4 stunda vinnuviku.

Árið 2019 var fjöldi á vinnumarkaði 208.500. Jafngildir það 81 prósent atvinnuþátttöku. Af þeim um 201 þúsund sem töldust starfandi eru um sex þúsund skilgreindir sem vinnulitir. Það er fólk í hlutastarfi sem vill vinna meira.

Fjöldi utan vinnumarkaðar var 48.900. Hluti þeirra, eða rúmlega sex þúsund, telst á mörkum atvinnuleysis. Það eru annars vegar þeir sem eru í atvinnuleit en geta ekki hafið störf strax og hins vegar þeir sem eru ekki að leita vinnu en geta hafið störf strax. – sar

# Mótmæla eignarnámsheimild til nýrrar Þjóðgarðastofnunar

„Þessi grein og hugmyndafræðin sem liggur að baki er óásættanleg,“ segir hreppsnefnd Ásahrepps um ákvæði í drögum að stjórnarfrumvarpi um Þjóðgarðastofnun sem feli í sér heimild til stofnunarinnar til að beita eignarnámi. Algerlega ótækt sé að fela stjórnanda einnar stofnunar slíkt vald, segir Ásahreppur.


**STJÓRNSÝSLA** Frumvörp frá ríkisstjórninni um Þjóðgarðastofnun annars vegar og hálendisþjóðar mótmælt harðlega af hreppsnefnd Ásahrepps.

Í umsógn mótmælir hreppsnefndin sérstaklega fyrirhuguðum heimildum um kaup og eignarnám sem eru í frumvarpinu um Þjóðgarðastofnun.

„Þessari grein og hugmyndafræðin sem liggur að baki er óásættanleg. Í þessari grein kemur fram heimild til Þjóðgarðastofnunar, að fengnu leyfi ráðherra, til að taka eignarnámi lönd mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðun,“ segir hreppsnefndin. Þótt vísað sé í ákvæði jarðalaga um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu að gera meg á því undantekningar.

„Hér er verið að veita einstakri stofnun heimild, til dæmis til að kaupa nytjarétt sem hefur meðal annars verið lögvarinn með úrskurði Óbyggðanefndar þegar um er að ræða afrétti á þjóðlendum,“ segir hreppsnefndin. Ljóst sé, með úrskurði Óbyggðanefndar, að óbeinum eignarrétti nytjaréttahafta á afréttum verði ekki hnikað nema með eignarnámi.

„Hér liggur það fyrir, svart á hvítu, að það er hluti af hugmyndafræðinni sem liggur að baki þessum drögum að frumvarpi. Þessum hugmyndum er mótmælt harðlega og þess krafist að verði brott felld úr þessum drögum að frumvarpi. Ásættanlegt gæti talist að Þjóðgarðastofnun mætti kaupa upp slíkar eignir ef handhafi þeirra eigna vildi selja, en að færa slíkt vald til stjórnanda einnar stofnunar, með samþykki ráðherra, er algerlega ótækt,“ segir Ásahreppur.



## Ásahreppur

Ásahreppur er vestast í Rangárvallasýslu. Áshreppingar hafa atvinnu af landbúnaði, verslun og öðrum þjónustugreinum. Náttúran er mjög fjölbreytt, mýrlent á köflum en ásar og holt á milli þar sem bændabýlin standa 3 til 5 í þyrpingum eða hverfum, sem

einkenna byggðamynstur sveitarfélagsins. Stærsta varpland grágæsar á Íslandi er við Frakkavatn.

Þjórsá rennur við hrepparmörkin og sýslumörkin í vestri. Afréttur Ásahrepps er 4/7 hlutar af Holtamannafrétti á móti 3/7 hlutar Rangárpings ytra. Holta-

mannafréttur nær meðal annars yfir austurhluta Þjórsárvera, og vesturhluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Um Holtamannafrétt liggur Sprengisandsvegur milli Suður- og Norðurlands.

1. janúar 2019 voru íbúar Ásahrepps 248. Heimild: Ásahreppur

lega ótækt,“ segir Ásahreppur.

Þá segir hreppsnefndin langt í frá að forvinnu sé lokið. „Með slíku frumhlaupi, að fara fram með þessum frumvörp svo illa undirbúin mun tryggja átök og afar skiptar skoðanir um réttmæti þessarar vegferðar,“ segir í umsögninni. Með

stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu verði skipulagsvald sveitarfélaga skert til mikilla muna og fært til ríkisstofnunar.

„Með þessum frumvörpum er verið að færa stjórn og umráð yfir 40 prósent Íslands til örfárra aðila innan ríkisstofnunar. Þetta

er nokkuð sem hreppsnefnd Ásahrepps getur engan veginn sætt sig við,“ segir hreppsnefndin. Það sé æði þreytandi að horfa upp á að til nokkurra áratuga hafi verið vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga með einum eða öðrum hætti. gar@frettabladid.is

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN PINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

**93.000** Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is).

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐID – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

## Leikhúsgagnrýni á léttari nótum

**HLAÐVARPIÐ** Félagarnir Kjartan Logi Sigurjónsson og Magnús Thorlacius standa fyrir hlaðvarpsþættinum Leikhúsið. Þeir stefna á að ræða allar leiksýningar leikársins þrátt fyrir að vera mismiklir leikhúsmenn. „Ég skil ekki af hverju fólk myndi fara upp á svið þar sem það getur gert sig að athlægi. Ég er alltaf stressaður fyrir þeirra hönd,“ segir Kjartan og viðurkennir að vera bullandi meðvirkur áhorfandi. Magnús stundar nám á sviðslistabraut Listaháskólans og segir sjónarhorn þeirra misjöfn. „Annars vegar erum við með áhugamann um leikhús og hins vegar ekki. Hugmyndin var að sjá hvað þeir sjá líkt og ólíkt í þessum sýningum.“

Kjartan segir leikhúsgagnrýni í dag ekki alltaf eiga við ungt fólk. „Ég les stundum gagnrýni á verkum sem ég hef farið á og hugsa



Leikhúsið er á Hlaðvarpi Fréttablaðsins, Spotify og iTunes.

með með mér að þetta hafi nú ekki alveg verið svona,“ segir Kjartan sem klórar sér stundum í höfðinu yfir fimm stjörnu dómum. Magnús tekur undir með Kjartani. „Við viljum opna á aðeins ófágæðri umræðu um leikhús því menningarmenningur er oft sett á svo háan stall. Við spjöllum á hversdagslegum nótum og það þarf enginn að taka mark á neinu sem við segjum. Eins lengi og við höfum virðingu að leidarljósi getum við eiginlega sagt hvað sem er.“ – atv





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# RISA

## JEPPASÝNING TOYOTA KAAPTÚNI & HILUX SÖGUSÝNING

Á MORGUN LAUGARDAG 12-16



Valdir jeppar á sérstökum  
sýningarkjöllum

### FRELSI TIL AÐ FERÐAST

Jeppasýning Toyota er fyrir löngu orðin fastur liður í tilveru jeppamanna og útivistarfólks. Við sýnum Toyota jeppa í öllum stærðum og gerðum. Toyota Hilux verður heiðraður með sögusýningu.

#### Stjórnur sýningarinnar eru:

Konungur jeppanna Land Cruiser 150 og Hilux sem gerir alla daga að Hilux dögum ásamt alhliða sportjeppanum RAV4.

**Komdu með okkur í fjörið á morgun, laugardag, frá kl. 12 - 16 í Kaaptúni.**



**Toyota Kaaptúni**

Kaaptúni 6

Garðabæ, sími: 570-5070

**Ellingsen:** Kynnir fjórhjól, sexhjól, Buggy-bíla o.fl.

**Arctic Trucks:** Kynnir jeppabreytingar o.fl.

**Hafsport:** Græjar allt í sjósportið.

**Klettur:** Með dekkinn undir jeppann.

**Feed the Viking:** Veganesti fyrir ævintýrin.

**Ferðafélag Íslands:** Myndir af Fjallabaksleið og Tómas Guðbjartsson sýnir myndir frá hjarta Íslands.

**Neyðarlínan:** Kynnir starfsemi sína.

**Blái Herinn:** Tekur á móti nýjum Hilux.

**Brenderup**-kerrur til sýnis og sölu.

**Prince Polo** - fastur gestur í ferðalaginu.





## Hætt við símamessu

**HEILBRIGÐISMÁL** Mobile World Congress, stærstu snallsíamessu Evrópu, hefur verið aflýst. Messuna átti að halda í þessum mánuði í Barcelona á Spáni en henni var aflýst í kjölfar þess að mörg stærstu fyrirtækin sem ætluðu að taka þátt, á borð við Deutsche Telekom, Nokia, Amazon og Vodafone, afboðuðu sig. Skýringarinnar er að leita í ótta manna við útbreiðslu kórónaveirunnar Covid-19.

Snallsíamessan hefur verið haldin árlega í Barcelona. Hún er einkum sótt af tækjaframleiðendum og flutningsaðilum síma og fjölmiðla. Þar hefur verið kynnt allt það nýjasta í síma- og fjarskiptatækni í heiminum. Í fyrra sóttu á þriðja þúsund fyrirtæki og meira en 100.000 gestir messuna, þar af allt að 6.000 frá Kína.

Þetta þykir mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna í Barcelona. Áætlað er að messan hafi skilað árlega um 70 milljörðum króna inn í hagkerfi borgarinnar og skapað um 14.000 tímabundin störf. – ds



Milljónir búa í höfuðborginni Kairó.

## Egyptar orðnir 100 milljónir

**EGYPTALAND** Íbúafjöldi Egyptalands fór yfir 100 milljónir í vikunni samkvæmt upplýsingum frá hagstofu landsins.

Íbúafjöldinn í landinu hefur þröfaldað frá árinu 1960 meðal annars vegna umbóta í heilsugæslu og landbúnaði. Daglega fjölga Egyptum um 5.000 manns.

Egyptaland er fjölmennasta ríki Austurlanda nær. Landið hefur verið að reyna að takast á við aukna fæðingartíðni. Sameinuðu þjóðirnar segja um 62 prósent landsmanna yngri en 29 ára.

Forseti landsins, El-Sissi, hefur ítrekað talað fyrir Egypta um hættuna við offjölgun og lýst henni sem „meðal stærstu ógn sem Egyptaland stendur frammi fyrir“.

Ríkisstjórnin hefur hleypt af stokkunum metnaðarfullri fjölskylduáætlun sem kallast „tvö eru nóg“ til að vinna gegn hefðarhyggju og djúpstæðum menningarhefðum, þar sem getnaðarvarnir eru af skornum skammti og litíð er á börn sem vinnuafli og ákveðna tryggingu fyrir þá sem eldri eru. – ds

## Matteo Salvini sviptur friðhelgi

**ITALÍA** Efri deild ítalska þingsins hefur svipt Matteo Salvini friðhelgi. Salvini, sem er fyrrverandi innanríkisráðherra Ítalíu og leiðtogi Norðurbandalagsins, verður leiddur fyrir rétt vegna ásakana um að hafa beitt ólöglegum aðgerðum gegn flóttafólki og hælisleitendum í fyrra.

Sem innanríkisráðherra meinaði hann í fyrra 131 flóttamanni landgöngu á Sikiley og lét þá hirstast um borð í varðskipi við slæmar aðstæður í viku. Salvini vildi þrýsta á Evrópusambandsríki að taka við fólkinu.

Salvini gæti átt yfir höfði sér allt að 15 ára fangelsi. Réttarhöldin gætu skapað honum, sem hægríðfagmanni, sterkan pólitískan vettvang enda hefur hann sagt vera „stoltur“ af þessum verkum sínum. – ds

## Bloomberg á kosningafundi vestra



Michael Bloomberg, kaupslumadur, milljarðamæringur og fyrrverandi borgarstjóri New York-borgar, er einn frambjóðenda í vali Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Hann kemur seint inn í forvalsbaráttuna, en hefur sagt ætla að verja allt að milljarði Bandaríkjadala af eigin fé í kosningabaráttuna, í auglýsingaherferðir í sjónvarpi og á samfélagsmiðlum á borð við Instagram og Facebook. NORDICPHOTOS/AFP

# Smituðum fjölga gríðarlega

Um 1.400 manns eru nú látnir af völdum Covid-19 kórónaveirunnar og alls eru 60 þúsund taldir smitaðir á heimsvísu. Ekkert bóluefni er til við veirunni og meðferð beinist að einkennum og ástandi sjúklinga.

**HEILBRIGÐISMÁL** Kínversk yfirvöld tilkynntu í gær um mikla aukningu dauðsfalla og sýkinga af völdum kórónaveirunnar sem nýlega var nefnd Covid-19.

Þjartsýnin, sem hafði gætt um að hægt hefði á fjölgun sýkingartilfella í Hubei-héraði þar sem veiran á upptök sín, reyndist mjög skammvinn. Heilbrigðisyfirvöld í Hubei-héraði eru farin að taka saman og birta upplýsingar um þau tilfelli sem eru greind klínískt, en ekki eingöngu þau sem eru greind með prófum. Með þessu hafa verið greind mun fleiri tilfelli og það hækkað opinberar tölur yfir sýkta.

Kínverskur almenningur hefur víða gagnrýnt embættismenn fyrir að hafa ekki brugðist nægilega hratt og afgerandi við útbreiðslu hins nýja vírus. Í upphafi fullvissuðu yfirvöld almenning um að lítil sem engin hætt væri á að veiran smitaðist milli manna. Sú yfirlýsing var síðar dregin til baka. Íbúar Wuhan hafa gagnrýnt yfirfull sjúkrahús og skort á lækningavörum. Læknar sem deildu upplýsingum snemma um



Starfsmenn Jinyintan spítala í Wuhan borg, Kína, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

sýkingarhættu voru áminntir af lögreglu fyrir að „dreifa sögusögnum“.

Í fordæmalausri ráðstöfun til að hemja útbreiðslu sjúkdómsins hafa kínversk yfirvöld látið loka þeim borgum sem verst hafa orðið úti. Það þýðir að meira en 60 milljónir manna eru lokaðar inni. Í einu hverfi Shiyan-borgar í Hubei-héraði

hefur verið lýst yfir „stríðsástandi“ sem hindrar íbúa í að yfirgefa eigið íbúðarhúsnæði í tvær vikur. Þar er hverfisnefndum ætlað að dreifa grunnauðsynjum á ákveðnum tíma og á föstu verði, sem og að aðstoða íbúa við brýn lyfjakaup.

Samkvæmt upplýsingum frá Johns Hopkins-háskóla í Banda-

**Kínversk yfirvöld hafa lokað þeim borgum sem verst hafa orðið úti. Þar búa um 60 milljónir manna.**

ríkjunum, sem tekur saman gögn frá öllum heiminum um veiruna, voru í gær um 1.400 látnir á heimsvísu af völdum veirunnar og 60 þúsund eru taldir smitaðir á heimsvísu. Ekkert bóluefni er til við veirunni og meðferð beinist að einkennum og ástandi sjúklinga.

Kona á níraðisaldri lést í Japan eftir sjúkrahúslegu frá því snemma í febrúar. Þar með er þriðja dauðsfallið staðfest utan meginlands Kína. Áður hafði verið sagt frá dauðsföllum á Filippseyjum og í Hong Kong.

Faraldurinn breiðist hratt út og mörg ríki hafa sett á ferðatakmarkanir gesta frá Kína, en þar eru meira en 99 prósent tilkynnta tilfella.

dauid@frettabladid.is

## Cayman-eyjar á svartan lista ESB yfir skattaskjól

**ALÞJÓÐAMÁL** Evrópusambandið hefur sett Cayman-eyjar á svartan lista yfir erlend skattaskjól. Fyrir á listanum eru til að mynda Óman, Fídjíeyjar og Vanúatú. Þetta er í fyrsta skipti sem yfirráðasvæði Bretlands hefur verið sett á þennan lista yfir skattaundanskot.

Sendiherar ESB-ríkjana 27 tóku á miðvikudag ákvörðun um að bæta Cayman-eyjum á lista yfir níu ríki sem talin eru ósamvinnuþýð vegna skattaundanskota. Athygli vekur að aðgerðin kemur til nokkrum vikum eftir útgöngu Breta úr sambandinu. Talið er að ákvörðunin verði staðfest í næstu viku.



Cayman-eyjar eru notaðar til skattaundanskota. NORDICPHOTOS/GETTY

Cayman-eyjar og Bresku Jómfrúaejar, sem eru bresk yfirráðasvæði, hafa verið á „gráum lista“ ESB um skattaundanskot. Yfirvöld afgangseyjanna hafa ekki brugðist

við kvörtunum ESB. Cayman-eyjar fari því nú á „svartan lista“.

ESB setti fyrst fram ríkjalista yfir skattaskjól árið 2017 í baráttu sinni fyrir auknu gagnsæi, gegn skatta-

undanskotum og ósanngjarnri samkeppni.

Aflandsríkin bjóða þjónustu til að vernda félög og fyrirtæki annarra ríkja fyrir afskiptum yfirvalda. Lönd á „svarta listanum“ eiga í erfiðleikum með að fá aðgang að fjármögnunaráætlunum ESB og evrópskum fyrirtækjum sem stunda viðskipti í þessum ríkjum er gert erfitt fyrir.

Í tengslum við útgöngu Breta úr sambandinu hefur verið lögð áhersla á að Bretland hliti sömu leikreglum um skattaviðmið og beitingu sameiginlegra reglna til baráttu gegn skattsvikum. – ds





SUBARU

Confidence in Motion



# RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO<sub>2</sub> útblástur.

## NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

**SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID**

Sjálfskiptur, verð: 6.890.000 kr.

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasareykjaness.is  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





## Ástand heimsins



Þessu ástfangna pari þótti videigandi að smella á kossi og einni sjálfu undir hjartalöguðum blöðrum á aðfaranótt Valentínusardags í miðborg Moskvu í gær. NORDICPHOTOS/AFP



Ísbjarnarhúnn sleikir móður sína, Noru, í Schönbrunn-dýragarðinum í Vínarborg, Austurríki, í gær. – Hann er enn ónefndur. NORDICPHOTOS/AFP



Starfskona bastrefjaverksmiðju ber bastrefjar til vinnslu í borginni Narayanganj í Banglades. NORDICPHOTOS/GETTY



Mjög mikill órói hefur verið síðustu vikur í Beirút, höfuðborg Libanon. Hér eru mótmælendur nálægt þinghúsi borgarinnar. Að minnsta kosti 218 manns hafa slasast, þar af 28 alvarlega, í óeirðunum. NORDICPHOTOS/GETTY



Drengur sækir mataraðstoð í hjálparmiðstöð Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna í höfuðborginni Sana í Jemen. Yfir 24 milljónir manna eru í sárrí þörf fyrir aðstoð eftir fimm ára stríð milli Jemenstjórnar sem nýtur stuðnings Sádi-Araba og Hútúa sem Íranir hafa stutt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



NÝR DISCOVERY SPORT M-HYBRID

# UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR



ABOVE & BEYOND

landrover.is



Bill á mynd er Discovery Sport HSE R-Dynamic

ENNEMN / SÍA / NM98170

## DÍSIL HYBRID VÉLATÆKNI, NÝTT ÚTLIT OG INNRETTING

Land Rover kynnir nýjan Discovery Sport með blandaðri dísil hybrid vélatækni. Nýr Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

Land Rover Discovery Sport, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.  
Verð: 6.890.000 kr.

**LAND ROVER**  
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500





## Störukeppni



Hörður Ágísson  
hordur@frettabladid.is

Þung staða álversins í Straumsvík (ISAL) er ekki ný af nálinni. Reksturinn hefur verið óarðbær um langt skeið – tap ISAL frá 2016 nemur yfir 20 milljörðum – og framleiðsla álversins var nýlega minnkuð um 15 prósent vegna taprekstursins. Endurnýjaður raforkusamningur við Landsvirkjun fyrir um áratug, þar sem orkuverðið var hækkað og tenging við álverð réttilega afnumin, hefur ekki hjálpað til en aðrir þættir, einkum erfiðleikar á hrávörumörkuðum, skipta meira máli. Aðföng hafa hækkað í verði og á sama tíma hefur heimsmarkaðsverð á áli lækkað verulega. Með stóraukinni álframleiðslu Kínverja, sem niðurgreidd er af þarlandum stjórnvöldum og stendur nú undir um 60 prósentum af álframleiðslu heimsins, hefur rekstrarumhverfi vest-rænna álframtækja versnað til muna. Útflutningur á áli frá Kína hefur farið vaxandi og haldið niðri álverði. Ólíklegt er að þessi staða taki breytingum í náinni framtíð og álverð verður því áfram undir þrýstingi til lækkunar.


Rio Tinto Alcan, eigandi ISAL, lætur nú að því liggja að rekstri álversins kunni að verða hætt. Félagið hefur boðað endurskoðun á starfsemi álversins, þar sem meðal annars verði skoðað að loka því, til að meta rekstrarhæfi þess og leita leiða til að bæta samkeppnisstöðuna. Fram undan eru viðræður við Landsvirkjun um raforkusamning félagsins en forstjóri álversins hefur sagt „aðalvanda“ fyrirtækisins stafa af háu orkuverði sem sé mun óhagstæðara en önnur álver þurfa að greiða. Sú fullyrðing er talsverð einföldun. Þótt breytingar verði gerðar á samningnum til lækkunar á orkuverðinu, ákvörðun sem erftig er að réttlæta, yrði rekstur álversins eftir sem áður þungur ef aðrir ytri þættir héldust óbreyttir.

Er hótun Rio Tinto trúverðug? Fyrir liggur að álverð er skuldbundið til að kaupa að lágmarki um 80 prósent raforkunnar af Landsvirkjun fram til 2036, óháð því hvort álverð verði starfrækt. Fullvist má telja að forsvarsmenn álversins hóti málaferlum, komi Landsvirkjun ekki til móts við kröfur álrisans um lægra orkuverð, þar sem látið verður reyna á ákvæði kaupskyldunnar og hvort móðurfélagsabyrgð sé til staðar. Mikilvægt er að hafa í huga þá gríðarlegu hagsmuni sem eru í húfi. Verðmæti slíkra langtíma raforkusamninga Landsvirkjunar, sem er í eigu landsmanna, hleypur á mörg hundruð milljörðum. Lækkun orkuverðs, jafnvel þótt tímabundið væri, myndi þýða að Landsvirkjun yrði af umtalsverðum fjárhæðum.

Álverð í Straumsvík er ekki eins og hvert annað fyrirtæki á Íslandi. Það er einn mikilvægasti og verðmætasti viðskiptavinur Landsvirkjunar – nærri fjórðungur af raforkusölu hennar er til álversins – og verði starfsemi þess hætt hér á landi yrði það mikilvægasti af fall. Álverð stendur undir um 60 milljörðum í útflutningstekjur á ári og um fimm hundruð manns starfa hjá fyrirtækinu. Vandinn sem Landsvirkjun kann að standa frammi fyrir, nú þegar minni og stærri viðskiptavinir fullyrða að orkuverðið sé ekki lengur samkeppnishæft, er að það verði erftitt að finna aðra kaupendur að því magni af orku sem gæti losnað á næstu árum – einkum nú þegar áform um sæsting til Bretlands virðast því miður óraunhæfari en áður. Það er eins gott að stjórnendur Landsvirkjunar, sem hafa teft djarft, séu reiðubúnir með plan B. Ef ekki er hætta á að illa geti farið.

Verðmæti slíkra langtíma raforkusamninga Landsvirkjunar, sem er í eigu landsmanna, hleypur á mörg hundruð milljörðum.

Halldór



## Frá degi til dags

**Einherji á toppinn?**  
Greint var frá því á dögunum að Sir Jim Ratcliffe ætlaði sér ekki að kaupa lið í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Lengi var sá orðrómur á kreiki að hann hefði hug á að kaupa Chelsea. Ratcliffe er ríkasti maður Bretlands. Meðal eigna hans eru ýmsar jarðir á Norðausturlandi og hefur í kjölfarið skipast neikvæð umræða um jarðakaup útlendinga. Gullið tækifæri blasir hins vegar við Ratcliffe til að bæta mynd sína. Hann gæti slegið tvær flugur í einu höggi með því að fjárfesta örlítið brot fjár síns í knattspyrnuliði Einherja á Vopnafirði. Þannig gæfi hann til baka til samfélagsins og myndi fagna Íslandsmeistaratitli innan nokkurra ára.

**Ekkert messuvin**  
Drög að frumvarpi dómsmálaráðherra um vefverslun með áfengi hafa verið birt. Er þetta enn einn liður í nútímavæðingu á sölu þessa stórhættulega varnings. Tillögurnar ganga út á að heimilt verði að afhenda vöruna frá klukkan átta á morgnana og til níu á kvöldin. Það er framför miðað við opinartíma Vinbúðanna. Þó má ekki afhenda áfengið á helgidögum þjóðkirkjunnar og fleiri opinberum fridögum. Klerkar landsins verða því enn að bíða þess að geta bjargað sér með eina messuvin á sunnudagsmorgni.  
sighvatur@frettabladid.is

## Innri endurskoðunar þörf fyrir Landspítala



Ingunn Ólafsdóttir  
formaður  
Félags um innri  
endurskoðun

Í fréttum nefndi heilbrigðisráðherra að ætlunin væri að skoða skipun stjórnar yfir Landspítalanum. Ég tel vert að skoða samhlíða hvort henni yrði falið að skipa endurskoðunarnefnd og innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd er ætlað að bæta stjórnarhætti í þeim málefnum sem stjórn ber að annast. Meðal verkefna er að hafa eftirlit með gerð fjárhagsáætlunar og reikningsskila, endurskoðun ársreiknings, virkni innra eftirlits og innri endurskoðun. Í lögum um opinber fjármál frá árinu 2015 voru gerðar verulegar breytingar á reikningsskilum ríkisstofnana og þeim gert skylt að láta framkvæma innri endurskoðun hjá sér á grundvelli reglugerðar sem fjármálaráðherra setur. Þessi reglugerð hefur ekki enn verið gefin út. Útbreiddur misskilningur er að Ríkisendurskoðun sinni þessu eftirliti. Örfáar ríkisstofnanir láta framkvæma innri endurskoðun hjá sér en eitt meginúrlausnarefnið er að finna skipulag sem tryggir óháði innri endurskoðandans. Skilyrðið er að hann heyrir undir stjórn og hafi beinar boðleiðir til hennar. Þetta er vandkvæðum bundið í ríkisrekstri þar sem stjórnir eru sjaldan skipaðar yfir ríkisstofnunum.

Tilgangur innri endurskoðunar er að vera virðisaukandi og bæta rekstur stofnana. Verkefnið eru gríðarlega fjölbreytt og geta falist í því að gera kannanir á fylgni við lög og reglur, skilvirkni, hagkvæmni og árangri einstakra starfseininga, ferla eða verkefna. Úttektirnar eru liður í stöðugum umbótum og kerfisbundnu eftirliti með starfsemi stofnunar. Þegar erfið mál koma upp getur stjórn falið innri endurskoðanda að gera óháða úttekt og koma með tillögur til úrbóta.

Innri endurskoðun er órjúfanlegur þáttur í stjórnskipulagi fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða, opinberra félaga og stærsta sveitarfélags hér á landi. Þetta á einnig við þegar litid er til Norðurlandanna en þar er búið að festa í sessi innri endurskoðun hjá hinu opinbera. Ég tel því mikilvægt fyrir ráðherra að skoða þetta fyrirkomulag og þann ávinning sem í því felst fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Útbreiddur misskilningur er að Ríkisendurskoðun sinni þessu eftirliti.

**VELDU GÆÐI!**

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur allar helgar í febrúar.

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
www.bjornsbakari.is



# Álver framtíðarinnar

Í DAG



Þórlindur  
Kjartansson



Sú breyting, að rekstur álvers sé ekki lengur hagkvæmur, er ekki til marks um að Ísland standi verr að vígi en áður —heldur einmitt hið þveröfuga.

Undanfarin misseri hefur orðrómur um hugsanlega lokun álversins í Straumsvík ágerst. Nú í vikunni komu fram upplýsingar sem benda mjög sterkt til þess að það sé ekki spurning um hvort, heldur hvenær, alþjóðlega stórfyrirtækið Rio Tinto lætur til skarar skriða og skrúfar niður framleiðsluna í Straumsvík. Þessar fréttir vekja víða gremju og reiði, enda setja þær í uppnám atvinnu nokkur hundruð starfsmanna álversins og fyrirtækja sem sinna ýmiss konar þjónustu við álverið.

Saga álversins í Straumsvík er merkileg fyrir Íslendinga því ákvörðunin um framkvæmdina markaði töluverð vatnaskil í íslensku samfélagi. Jafnvel þótt þeim fari mjög fjölgandi sem finnst hæpið að veðja á orkufrekan iðnað til framtíðar á Íslandi, þá má ekki gleyma því að á sínum tíma má segja að uppbygging álversins í Straumsvík hafi markað innreið Íslands inn í nútímann. Íslendingar öðluðust gríðarlega verðmæta þekkingu í verkfræði í tengslum við uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi, og hefur sú þekking skilað sér með ýmsum hætti út í atvinnulífið og gert Ísland samkeppnishæfara í alþjóðlegu tilliti.

## Framsýni fortíðar

Ákvarðanir um uppbyggingu álvers á Íslandi hljóta að hafa byggst á þeirri forsendu að það væri hagkvæmt. Íslensk stjórnvöld töldu sig geta boðið lágt verð fyrir raforkuna og hér var hægt að ráða fólk í vinnu á nokkuð hagstæðum kjörum. Nú er margt breytt og hafa flestar af þeim breytingum líklega dregið úr hagkvæmni þess að byggja og reka álver á Íslandi.

Orkuverð á Íslandi hefur hækkað en er þó enn líklega mun hagstæðara en víðast hvar annars staðar í okkar heimshluta. Þessi hækking orkuverðs endurspeglar að einhverju leyti aukinn skilning á því að orkuframleiðslan sjálf krefst forna á bæði verðmætri og dýrnametri náttúru. Ísland ársins 2020 er líka ólíkt Íslandi fyrir hálfri öld að því leyti að nú erum við land þar sem starfsfólk er ekki lengur ódýrt í alþjóðlegu samhengi. Álfyrirtækin borga reyndar ekki lág laun, en þó virðist sem launakostnaður starfsmanna skipti einhverju máli í þeirri ákvörðun að stefna að lokun álversins á Íslandi. En hvort sem launatekkarnir eru háir eða lágir þá er vinnan í álverunum erfið og hættuleg, og eflaust ekki eins aðlaðandi í velmejunarsamfélagi nútímans eins og hún var fyrir nokkrum áratugum.

Það væri ósennilega til marks um eftirsóknarverða þróun á Íslandi ef bestu kostirnir í atvinnumálum framtíðarinnar felist í að virkja meira og stærra til að selja orku til alþjóðlegra risafyrirtækja sem vilja helst af öllu borga sem minnst fyrir bæði vatnsaflíð og mannaflíð.

Ákvörðunin um að byggja álverið í Straumsvík og Búrfells-virkjun gat á sínum tíma talist býsna framsýn. Með framkvæmdunum var fleiri stórum stöðum rennt undir íslenska hagkerfið á tímum þegar það var enn mjög einhæft. En framtíðin er auðvitað erfið að því leyti að hún hefur tilhneigingu til þess að breytast hratt og er varla orðin að veruleika fyrir en hún er orðin að fortíð

og jafnvel forneskju. Þeir sem í gegnum tíðina hafa barist fyrir sinni framtíð, eiga á hættu að finna sig skyndilega ófugum megin við vatnaskil tímans, og í stað þess að greiða farveginn fyrir náttúrulegri framvindu og þróun, þá upphefst slagsmál gegn straumnum, sem vill leita í allt aðrar og nýjar áttir.

Þegar starfsemi hættir að vera hagkvæm á viðskiptalegum forsendum eru valkostirnir nefnilega í raun aðeins tveir; Annars vegar að horfast í augu við að draga muni úr slíkri starfsemi en hins vegar að leita leiða til þess að niðurgreiða starfsemina, og þá líklega með því að ganga á opinbert fé eða ryðja öðrum tækifærum í íslensku atvinnulífi úr vegi.

## Hagkvæm listaspíra

Í sömu viku og þessar fréttir berast af álverinu í Straumsvík hlotnaðist Íslendingi sá heiður að taka á móti Óskarsverðlaunastyttu fyrir bestu kvikmyndatónlistina. Uppspera Hildar Guðnadóttur er auðvitað orðin ævintýrleg, en undirstrikar að það sé nánast samdóma álit þeirra sem til þekkinga að hún sé um þessar mundir ekki bara samkeppnishæf á sínu sviði. Hún er best í heimi.

Verðlaunin eru bara toppurinn á ísjaka. Afreksfólk á sviði listrænnar sköpunar þarf ekki bara að geta staðið undir væntingum þegar því er treyst fyrir stórvirkjum (eins og tónlist í tugmilljarða Hollywood framleiðslu). Listafólk eins og Hildur þarf að sýna sig og sanna trekk í trekk áður en það einu sinni kemst í aðstöðu til þess að keppa um öll glæsilegu verðlaunin. Á bak við slíkt eru ekki bara hæfileikar, sjálfsagi og sjálfs-traust; heldur kunnátta og þekking á ýmsum sviðum, sem byggist ekki bara upp hjá einstaklingnum á verðlaunapallinum, heldur stórum hópi samferðarfólks. Og það vantar ekki að í kringum listræna sköpun sé mikill iðnaður, reyndar einn sá stærsti í heimi.

## Ok. Hvað svo?

Hvað er maðurinn að gefa í skyn? Heldur hann að við getum bara lokað öllum álverum og byrjað að spila á úkulele og tilbiðja bráðnaða jókla? Nei. Ekki beint, en samt aðeins. Að sjálfsögðu erum við ekki öll að fara að skrifa kvikmyndatónlist í alþjóðlegar stórmyndir. En maður þarf ekki að hafa séð margar kvikmyndir, horft á marga sjónvarpsþætti eða spilað marga tölvuleiki til þess að sjá að á bak við alla vel heppnaða sköpun á afþreyingarefni er gríðarlegur fjöldi starfsmanna.

Það eru engar gleðifrættir ef álverinu í Straumsvík verður lokað. Það væri hins vegar ekki viturlegt að fara út í miklar aðgerðir til þess að reyna að snúa slíkri ákvörðun við. Sú breyting, að rekstur álvers á Íslandi sé ekki lengur hagkvæmur, er ekki til marks um að Ísland standi verr að vígi en áður—heldur einmitt hið þveröfuga.

Sem betur fer bendir margt til þess að Íslendingar séu samkeppnishæfir á fjölmörgum öðrum sviðum, og ef rétt er haldið á málum þá getur í kringum slíkan orkusparneytinn iðnað orðið til fjöldinn allur af frábærum og spennandi störfum fyrir komandi kynslóðir.

# AÐALFUNDUR ORIGO HF.

Föstudaginn 6. mars 2020 kl. 14.00

í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu
3. Tillaga stjórnar um lækking hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum sem felur í sér breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins
4. Tillaga stjórnar um að breyta grein 5.1 í samþykktum félagsins þannig að stjórn verði framvegis skipuð 5 mönnum og engum varamanni
5. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og fyrir setu í undirnefndum
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
7. Tillaga stjórnar um kaupréttaráætlun
8. Tillaga um breytingu á samþykktum þannig að stjórn verði veitt heimild til að hækka hlutafé um allt að kr. 18.834.000 að nafnverði
9. Kosning stjórnar
10. Kosning endurskoðanda
11. Tillaga stjórnar um tvo fulltrúa í tilnefningarnefnd
12. Tillögur frá hluthöfum
13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
14. Tillaga stjórnar um aðgreiðslustefnu
15. Önnur mál

## RÉTTUR HLUTHAFA TIL AÐ FÁ MÁL SETT Á DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDAR OG KOSNING

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 25. febrúar 2020. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Endanleg dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Tillaga tilnefningarnefndar félagsins um samsetningu stjórnar er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 14. febrúar 2020,  
stjórn Origo hf.

**origo.**

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á [origo.is](http://origo.is)



# Reikningur setur starf Harðar í hættu

Heimaleikur Harðar frá Ísafirði og Þórsara í bikarkeppni HSÍ í október kostar Harðarmenn um 400 þúsund. Venjulega er kostnaður mun minni við leiki. Ísfirðingar þurfa að taka fé frá barna- og unglingastarfinu til að eiga upp í reikninginn sem HSÍ hefur staðfest.

**HANDBOLTI** „Við þurfum að taka pening úr barnastarfinu okkar til að greiða þetta. Við höfum ekki æfingagjöld og niðurgreiðum ferðalög því við þurfum að fara til Reykjavíkur í allar keppnisferðir og þetta mun koma af þeim peningum. Því miður,“ segja forsvarsmenn Harðar frá Ísafirði um 400 þúsund króna kostnað sem fylgdi því að halda heimaleik í bikarkeppninni í handbolta í október.

Harðarmenn eru ósáttir og geta lítið skilið í kostnaðnum. Segja að venjulega kosti um 140 þúsund að halda bikarleiki en Þórsarar rúkki helminginn af 800 þúsund króna flugferð vestur á firði. Í frétt Bæjarins besta af leiknum, sem fram fór í október, kemur fram að gestirnir hafi komið á 19 manna Twin Otter vél frá Norlandair. „Þetta er alveg eðlilegt verð. Meira að segja ódýrara en venjulega því þeir fengu afslátt af þessu flugi,“ segir Friðrik Adolfsson, framkvæmdastjóri Norlandair. „Ég stycki öll íþróttafélög á Akureyri. Mismikið að vísu og það er ekkert launungarmál. Það er ekkert óeðlilegt við þetta verð,“ bætir hann við.

Harðarmenn rituðu harðorðan pistil á Fésbókarsíðu liðsins þar sem segir að félagið ráði ekki við að borga þennan pening. „Þórsarar vissu það alveg og hafa meðal annars vísað til þess að þetta sé réttlætunlegt þar sem Hörður vildi ekki spila leikinn á útivelli. En Hörður var heimalið – af hverju ætti félagið að þurfa að spila á útivelli?

Það er ágætt að það komi fram að Hörður spilaði leik við ÞórU í janúar á útivelli. Akstur til Akureyrar, gisting og akstur heim kostaði 120.000 kr. eða rétt tæpum 480.000 kr. minna en ferðakostnaður Þórs til Ísafjarðar. Áhugasömum skal bent á að um er að ræða jafnlanga leið, frá Akureyri til Ísafjarðar eins og frá Ísafirði til Akureyrar.

Handboltinn er sjálfum sér verstur. Ómurleg niðurstaða mótanefndar er staðfest af stjórn HSÍ.

Svona vex handboltinn ekki. Svona deyr hann. Hafið skömm fyrir þeir sem tóku ákvörðun um þetta hjá Þór og mótanefnd. Afsökunarbeiðnir eða eftirráskýringar skila engu úr þessu. Leiðréttingar eða lagfæringar eru að litlu gagni því tjónið er orðið. Ánægja okkar af þátttökunni er farin,“ segir í pistlinum sem vakti mikla eftirtekt.

Hjalte Þór Hreinsson, sem á sæti



Úr leiknum umdeilda frá því í október sem Þór vann 39-16 og fór auðveldlega áfram í næstu umferð eftir erfiða byrjun. MYND/ANTON HELGI

## Reglugerð HSÍ um handknattleiksmót

Ferðakostnaður til og frá leikstað skal teljast með kostnaði vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Gestaliðið skal leggja fram sönnun fyrir útlögðum ferðakostnaði. Ferðakostnaður getur verið kostnaður vegna allt að 19 manns hjá meistara-

flokkum, það er 14 leikmenn, starfsmenn A, B, C og D og einn stjórnarmaður.

Leikur skal gerður upp á leikstað eftir leik. Ef ágreiningur kemur upp um kostnaðarskiptingu skal mótanefnd úrskurða um réttmætan kostnað.

í mótanefndinni, bendir á að liðin kjósi yfirleitt að fljúga á bikarleiki. Þetta einstaka mál hafi verið skoðað gaumgæfilega og komst mótanefndin að því að þótt kostnaður hafi vissulega verið hár hafi hann

verið réttmætur. „Mögulega þarf að skerpa á orðalagi í reglugerðinni. Það er ein af niðurstöðunum sem kemur út úr þessu máli. Það er ekki tekið fram, það sem mætti kannski taka fram, að bæði lið skuli vera

**Afsökunarbeiðnir eða eftirráskýringar skila engu úr þessu. Leiðréttingar eða lagfæringar eru að litlu gagni því tjónið er orðið.**

Úr pistli Harðar á Facebook

við pistli Harðar að Þór hefði farið eftir lögum og reglum. „Við höfum lagt fram öll okkar gögn og maila um þetta mál. Þætti eðlilegra að þið gerðuð þessa árás á þá sem setja reglurnar í stað þess að hnýta í þá sem fara eftir þeim. Tölurnar þarna ekki réttar...

Sambandið setur þetta upp, ekki Þór. Þannig að ef þetta er rangt, þá þarf hreinlega að endurskoða uppgjör fleirri bikarleikja. Kannski er það eina rétta. En það verður sambandið að segja til um.

Vil áréttá, Þór hefur ekkert rangt gert. Bara farið eftir formúlu sem fengin var frá HSÍ.“

[benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

## Margar í hópnum sem gætu átt glæstan þjálfaraferil

**FÓTBOLTI** Tilkynnt var á blaðamannafundi í gær að í fyrsta sinn yrði boðið upp á þjálfaramenntun í ferð kvennalandsliðsins til Spánar í næsta mánuði. KSÍ býður þeim leikmönnum landsliðsins sem hafa áhuga að taka fyrstu tvö stig þjálfaramenntunarinnar og hafa nokkrir leikmenn lýst yfir áhuga á því.

Næsta verkefni kvennalandsliðsins er fjögurra liða æfingamót í Pinatar á Spáni þar sem Ísland mætir Norður-Írum, Skotum og Úkraínu. Mótið er hluti af undirbúningi kvennalandsliðsins fyrir komandi leiki í undankeppni EM.

Vefsíðan Fotbolti.net vakti athygli á því á dögnum að Helena Ólafsdóttir væri eina konan sem væri aðalþjálfari liðs í aðdraganda

**Það er fullt af leikmönnum í hópnum sem gætu átt glæstan þjálfaraferil.**

Jón Þór Hauksson

Lengjubikarsins í 107 liðunum sem eru skráð til leiks. Markmið KSÍ með þessum möguleika er að aðstoða leikmenn sem hafa áhuga á því að starfa tengt knattspyrnu eftir ferilinn, að flýta ferlinu.

Jón Þór Hauksson, þjálfari kvennalandsliðsins, tók ákvörðuninni fagnandi.



Jón Þór, þjálfari landsliðsins, tók ákvörðun KSÍ fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það eru frábærar fréttir að KSÍ geti boðið upp á þetta, það er að frumkvæði leikmannanna að þetta sé tekið inn. Ég er mjög ánægður með að það hafi gengið eftir og þetta sé að hefjast því við viljum sjá sem flesta nýta sér þetta og taka fyrstu stig þjálfaramenntunar. Það er okkar hugar að sem flestir leikmenn úr þessum hópi hafa áhuga á því og skili sér út í þjálfun. Það er mikilvægt skref fyrir íslenska kvennaknattspyrnu,“ sagði Jón Þór.

Aðspurður sagði Jón Þór nokkra leikmenn hópsins vera líklega til að hella sér út í þjálfun. „Það eru margar leiðtogar innan hópsins, góðir fótboltamenn sem myndu nýtast vel í þjálfun. Það er fullt af leikmönnum í hópnum sem gætu átt glæstan þjálfaraferil.“ – **kpt**



1950-2020

Í tilefni **70 ára** afmælis Breiðabliks þann 12. febrúar þá blásum við til veislu sunnudaginn 16. febrúar

**ÁRA**  
1950-2020



**16. febrúar kl. 13:30-17:00**



### FERÐIN AÐ UPPHAFINU KL. 13:30

- Gönguferð á vegum Sögufélags Kópavogs í samstarfi við Breiðablik.
- Gengið verður að Vallargerðisvelli með mörgum áhugaverðum og jafnvel óvæntum viðkomum.
- Áætlað er að gangan taki um 75 mínútur. Mæting í anddyri Smárans.
- Sögumaður er Frímann Helgason. Hvetjum unga sem aldna til að mæta í þessa skemmtilegu göngu og kynna sér um leið sögu félagsins.

### SKEMMTIDAGSKRÁ Í SMÁRANUM/FÍFUNNI KL.15:00 – 17:00

- Heiðursveitingar
- Ávörp gesta
- Jón Jónsson, tónlistarmaður
- Afmæliskaka
- Hoppukastalar
- Andlitsmálning
- Myndasýning
- Boltaleikir, þrautir o.fl.

**MÆTUM ÖLL Í GRÆNU OG FÖGNUM AFMÆLINU SAMAN**



Jón Jónsson, tónlistarmaður.



Afmæliskaka.



Hoppukastalar fyrir yngstu kynslóðina.



Tilboð gilda út 16. febrúar



Lakkrís + Raspberry

**879** kr/stk



Sea Salted Toffee

**879** kr/pk

Hjartalaga  
jarðarberjaaskja

**799** kr/pk



Sjöstrand býður upp á einstaka espresso seríu gerða úr dökkristuðu lífrænu kaffi, í umhverfisvænum hylkjum

**759** kr/stk



Blómin færðu í Hagkaup

verð frá **2.099** kr/stk



BAKARÍÐ

Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger

**799** kr/stk



NammiLand  
50% afsláttur 14.-16. febrúar

**1.450** kr/kg  
Verð áður 2.899 kr/kg



Monsieur Armand makkarónur

verð frá **1.999** kr/pk



Häagen - Dazs  
Þú átt hann skilið ❤️

verð frá **849** kr/stk



# Meiri ást

ÍSLENSKT  
100%  
NAUTAKJÖT

25%  
afsláttur



Bernaisesósa

479 kr/stk



Íslenskt nauta ribeye

4.424 kr/kg  
Verð áður 5.899 kr/kg



30%  
afsláttur

El Toro Loco nautakrydd  
30% kynningarafsláttur af öllum  
kryddum frá Kryddhúsinu

384 kr/stk  
Verð áður 549 kr/stk

15%  
afsláttur



Kjúklingalundir

2.167 kr/kg  
verð áður 2.549

15%  
afsláttur



Smash Style hamborgarar  
2 x 120 g

509 kr/pk  
Verð áður 599 kr/pk

10%  
afsláttur



Hálfur lambahryggur

3.059 kr/kg  
Verð áður 3.399 kr/kg

## HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1863** Flóð verður í miðbæ Reykjavíkur þegar snögglega þiðnar eftir miklar frosthörkur.

**1952** Vetrarólympíuleikarnir 1952 hefjast í Ósló í Noregi.

**1969** Landsprófsnemendur ganga fylktu liði um götur Reykjavíkur til að leggja áherslu á kröfur sínar um endurskoðun skólakerfisins.

**1987** Íslenska kvikmyndin Skytturnar er frumsýnd.

**1992** Úkraína og fjögur önnur fyrrum Sovétlýðveldi hafna tillögu Rússa um að reka sameiginlegan her.

**1994** Björk Guðmundsdóttir er valin besta alþjóðlega söngkonan og besti nýliðinn á Brit-tónlistarverðlauna-hátíðinni í Bretlandi.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Hermann Jónsson**

lést 25. janúar á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Einlægur þakki til starfsfólks á Furu- og Viðihlíð fyrir frábæra umönnun.

**Auður Björk Hermannsdóttir** **Jón Snorrason**  
**Sæmundur Jón Hermannsson** **Sigrún Sigurgeirsdóttir**  
**Brynjar Hermannsson** **Póra Björk Kristjánsdóttir**  
**Erla Hermannsdóttir**  
**Erna Pétursdóttir** **Hallmann Óskarsson**  
afa-, langafa- og langalangafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Guðmundur Magnús Guðmundsson**  
bifvélavirkjameistari,  
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést þann 7. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hans fer fram frá Lindakirkju, mánudaginn 17. febrúar kl. 11.00.

Sérstakar þakki ferum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir veitta alúð og umhyggju í veikindum hans.

**Jónína Davíðsdóttir**  
**Anna María Guðmundsdóttir** **Guðni Björn Jónsson**  
**Brynja Guðmundsdóttir** **Grimur Örn Jónsson**  
afa- og langafabörn.



Sendum öllum hjartanlegar þakki fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

**Haralds Stefánssonar**

fyrirverandi slökkviliðsstjóra,  
Kirkjulundi 12.

Sérstakar þakki til alls starfsfólks skilunardeildar Landspítala fyrir umhyggju og alúð. Einnig til þeirra sem heiðrað hafa minningu hans.

**Erla Ingimarsdóttir**  
**Ragnar Haraldsson** **Jóna Hjálmarsdóttir**  
**Sólveig J. Haraldsdóttir** **Frosti B. Eiðsson**  
**Haraldur Haraldsson** **Bergdís Eysteinsdóttir**  
**Ingibjörg M. Haraldsdóttir** **Christopher Wright**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,  
**Ólafía Katrín Hansdóttir**  
síðast til heimilis á  
hjúkrunarheimilinu Grund,  
Reykjavík,

lést sunnudaginn 9. febrúar.  
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Ingiríður Hanna Þorkelsdóttir**  
**Elsa Sigurveig Þorkelsdóttir** **Már Guðmundsson**  
**Indriði Þorkelsson** **Anna María Soffiudóttir**  
**Valdís Brynja Þorkelsdóttir**  
barnabörn og langömmubörn.



„Flutningsfyrirtækið er búið að endurgreiða okkur, svo því sé haldið til haga,“ segir Guðbjörg Bjarnadóttir, stödd á Gran Kanarí.

## Þorrakjötsúpa á Kanarí

Þorrablótí Íslendinga á Gran Kanarí var snúið upp í vel heppnaða kjötsúpuveislu eftir að þorramat fyrir 235 manns hafði verið hent við tollskoðun vegna pappírsklúðurs.

Mér skilst að aðrar reglur gildi hér á Gran Kanarí en á Spáni, í sambandi við matarinnflutning, en þeir sem taka að sér flutninga eiga að standa klárir á því hvaða pappírar þurfa að fylgja sendingum svo varan komist á leiðarenda. Á því var misbrestur sem varð til þess að öllum þorramatnum okkar var hent,“ segir Guðbjörg Bjarnadóttir sem er í stjórn nýstofnaðs Íslendingafélags á Kanaríeyjum. Hún segir þessi mistök ekki einsdæmi en þarna hafi verið um býsna stóra sendingu að ræða þar sem maturinn átti að metta 235 manns.

Fólk var búið að borga fyrirfram á blótið. „Það var ekki hægt að fara af stað með þetta öðruvísi. Annars hefði fólk kannski pantað en ekki mætt þótt búið væri að kaupa matinn og flytja hann yfir hálfan hnöttinn. Hvort tveggja er rándýrt. Það er á ábyrgð okkar allra að taka á þessu skakkafalli. Flutningsfyrirtækið er samt búið að endurgreiða okkur, svo því sé haldið til haga,“ útskýrir Guðbjörg.

Málið var leyst með stæl. „Við bara bjuggum til íslenska kjötsúpu úr nýsjá-lensku lambi og góðu Kanarí-grænmeti. Dönsk stúlka sem rekur veitingastað hér færði okkur kúffullar skálar af síldarsalati og brauð með, hvort tveggja mjög gott. Það var sungið og heima-gerð skemmtiatriði voru flutt. Allir sem mættu voru gláðir og ánægðir með hvernig til tókst og það var mál manna að þetta blót muni lifa í minningunni. Flestir spurðu hvað þeir ættu að borga fyrir súpuna og síldina.“

Guðbjörg segir marga Íslendinga á Gran Kanarí. „Eftir að Klara hætti með sinn veitingastað hefur í raun enginn staður komið í staðinn til að hittast á,



Það er sárgætilegt að svona góðmeti hafi verið fleygt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

með þeirri stemmingu sem þar var, en við fengum frábæran sal í gær í Mas-palomas Lago til að halda okkar samkomu, hefðum getað verið með helmingi fleiri í honum.“

Hún segir gaman að vera með sér-íslenska viðburði fyrir fólk sem dvelji á Kanarí heila og hálfra árið. „Það var búið að segja okkur að ef við ætludum að halda þorrablót yrðum við að fá einhverja til að taka matinn með sér í töskum út, en annaðhvort verður að fara réttar leiðir eða sleppa þorrablótí. Ég ætla ekkert að útiloka að við reynum þetta aftur, ef hægt er að græja þessi

pappírsmál og ég trúi ekki öðru en það verði gert. Fyrst þarf samt að fara yfir það hvað úrskæiðs fór. Kórónaveiran er auðvitað ekki að hjálpa til, það eru allir dauðhræddir, fólk í tollinum hefur eflaust haldið að maturinn væri eitthvað sýktur, en hann var nú ekki að fara í verslanir, við ætludum að borða hann sjálf. Ég get samt skilið að útlendingarnir hafi ekki verið brattir þegar lykt af hákarli og harðfiski mætti þeim og sviðakjamminn leit upp úr kassanum! Þetta fer í reynslubankann og við höldum áfram.“

gun@frettabladid.is



**LEIÐ**

FÖSTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2020

Lífsstíll



Rithöfundurinn Eyrún Ósk Jónsdóttir hefur fengið mismundandi skáld í lið með sér til að lesa ástarljóð á degi elskenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Heimurinn þarfnast ástar og kærleika

Eyrún Ósk Jónsdóttir, leikkona, skáldkona og friðarsinni, semur mikið af ljóðum um ástina, gjarnan til mannsins síns sem hún ætlar að giftast í sumar. Eyrún stendur fyrir ástarljóðakvöldi í kvöld á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. ➔2

Góður svefn er mikilvægur!

HVERNIG SVAFST ÞÚ?





Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is



Þetta er þriðja árið í röð sem Eyrún Ósk heldur ástarljóðakvöld á Valentínusardaginn en hún hefur fengið mismunandi skáld í lið með sér til að lesa ástarljóð á þessum degi elskenda.

„Mér finnst gaman að halda þessi kvöld, því lengi var ég svo hrædd við væmni og ástarljóð. Mér fannst eins og þau væru annars flokks. Maður er alltaf að reyna að vera svo ógrandi sem listamaður,“ segir Eyrún Ósk.

Eftir að hún hélt fyrsta ástarljóðakvöldið fyrir tveimur árum ákvað hún að taka hugmyndina lengra og búa til ljóðagjöfning með ljóðum sem fjölluðu eingöngu um ást og kærleika. Kristín Thorstensen leikstýrði honum og Viktor Aron Bragason samdi tónlistina. Gjöfningurinn var haldinn í Frikirkjunni í Hafnarfirði og átti upprunalega bara að vera eitt skipti en svo vatt þetta upp á sig og hann hefur verið fluttur sex sinnum, meðal annars í Finnlandi.

„Ég fann hvað það var mikil áskorun fyrir mig að sleppa þessum hömlum. Ég var einmitt að hugsa það bara í dag hvað það er mikil neikvæðni í gangi og hvað það er í raun og veru ógrandi að tala um ást og kærleika,“ segir Eyrún Ósk.

„Ekki bara í listinni heldur í samfélaginu líka. Mér finnst eins og það megi ekki tala mjög opinberlega um ást og kærleika því það þykir ekki nógu fint. En einhvern veginn finnst mér eins og það sé það sem heimurinn þarf núna.“

### Semur ástarljóð til mannsins síns

Eyrún segir að hugmyndin að ástarljóðakvöldinu hafi upprunalega komið út frá því að hún hafði gaman af að nýta sérstaka daga, eins og Valentínusardaginn, sem hvatningu til að skapa.

„Ég vel þá eitthvert þema tengt deginum og út frá því flæðir fram sköpun. Á Jónsmessunni var ég með sólarljóðakvöld og fékk skáld til að semja ljóð til sólarinnar og sumarsins. Það var upprunalega þannig sem hugmyndin að ástarljóðakvöldinu fæddist. En svo þegar ég fann að það voru einhverjar hömlur þá ákvað ég að taka þetta lengra og þess vegna er ég að halda það í þriðja sinn.“

Eyrún segist hafa ort eitthvað af ástarljóðum áður en hún byrjaði með ástarljóðakvöldin en engin þeirra rötuðu inn í ljóðabækurnar hennar. „En núna í fyrra gaf ég út



ljóðabókina Mamma, má ég segja þér? Hún fjallar öll annars vegar um frið og hins vegar um ást og kærleika. Núna yrki ég rosa mikið um manninn minn, ég er ofboðslega ástfangin þessa dagana. Við erum að fara að gifta okkur í sumar,“ segir Eyrún og hlær.

„Það er mikið af ástarljóðum um hann í bókinni og hluti af ljóðagjöfningnum er þar líka. Maðurinn minn var að segja við mig að hann hefði þurft að venjast því svoltið að sitja á ljóðakvöldum og hlusta á mig lesa upp ástarljóð um hann fyrir framan kannski 60-70 manns. Hann var feiminn við það fyrst en er aðeins farinn að venjast því.“

Eyrún segir að hann hafi ekki samið ástarljóð til hennar á móti. „Hann er ekki í því að yrkja ljóð. En hann er aftur á móti duglegur að sýna það.“

### Er ekki hrædd við útlenskar hefðir

Eyrún segist ekki vera sammála því að Valentínusardagurinn sé eitthvert útlenskt fyrirbæri sem ekki megi halda upp á á Íslandi. „Mér fannst svo áhugavert þegar ég fór að lesa mér til um þetta þegar ég hélt fyrsta Valentínusarkvöldið, af því margir halda að þetta sé eitthvað amerískt en þvert á móti má rekja uppruna Valentínusar-



Í ljóðabókinni **Mamma, má ég segja þér? er eingöngu að finna ljóð sem fjalla um frið eða ástina.**

dagsins til Evrópu á 14. öld. Það var sem sagt haldin messa heilags Valentínusar í Evrópu og svo hefur hún verið haldin í ýmsum formum víða um heim. Það er eins með hrekkjavökuna. Hún var evrópsk hátíð til að byrja með. Ég er svoltið á því að við séum ein jörð og við höfum öll áhrif á menningu hvert annars. Hlutirnir byrja alltaf einhvers staðar og fara svo eitthvert annað. Ég er aldrei hrædd

„Mér finnst eins og það megi ekki tala mjög opinberlega um ást og kærleika því það þykir ekki nógu fint.“

við eitthvað sem heitir útlenskar hefðir.“

Eyrún Ósk hefur í nógu öðru að snúast þessa dagana. Í ár kemur út eftir hana skáldsaga sem ber vinnuheit Guðrúnarkvíða.

„Bókin fjallar um konu sem vaknar upp í eigin jarðarför. Hugmyndin kom út frá því að ég er að vinna mikið með meðvirkni, ég þekki hana mjög vel. Ég skrifa mikið um það sem ég er að berjast við sjálf. Þessi kona vaknar sem sagt upp í eigin jarðarför og kann ekki við að láta vita að hún sé á lífi því hún vill ekki trufla,“ segir Eyrún og bætir við: „Mér finnst sköpun alltaf kraftmest þegar verið er að tækla eigin takmarkanir.“

Í augnablikinu er Eyrún Ósk að vinna að ljóðabók sem er byggð á persónulegum sögum fólks. „Þannig að núna er ég að hitta fullt af fólki. Taka kaffibolla með þeim, ræða um líf þeirra og semja ljóð,“

segir Eyrún en hún reiknar með að sú bók komi út á næsta ári.

*Þegar þú horfir svona á mig snögghitnar niðri við suðurströndina hitinn leitar upp og dregur með sér kaldara loft stormur austlæg átt 19-23 m/s rauð viðvörðun við lendarnar niðri við sköpin á bjartviðri á hálendinu við hjartastöðina stjörnubjart og norðurljós undir kvöld í speglunum tveim til fjalla.*

Úr ljóðabókinni **Mamma, má ég segja þér?**

Ástarljóðakvöldið fer fram í bókakaffihúsinu Norðurbakk-anum í Hafnarfirði klukkan 20.00 í kvöld. Auk Eyrúnar koma fram skáldin Brynja Hjalmsdóttir, Eygló Jónsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir, Hlín Leifsdóttir og Kristian Guttesen.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forml viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:  
Torg ehf  
Ábyrgðarmaður:  
Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserana@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sólumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

## NOTAÐIR BÍLAR

Veglegt sérblað um notaða bíla kemur út þriðjudaginn 25. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# Netöryggi

FÖSTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2020

Kynningar: Síminn, Vodafone



## Síminn tryggir öryggi fyrirtækja á internetinu

Fyrirtækjaþjónusta Símans getur tryggt netöryggi fyrirtækja á ýmsan hátt. Það er gert með því að setja upp réttan netbúnað og viðhalda honum, reisa næstu kynslóðar eldveggi, búa til öryggisafrit af gögnum og veita starfsfólki og stjórnendum fræðslu. ➔2

Fyrirtækjaþjónusta Símans getur séð um að setja upp og viðhalda traustum og áreiðanlegum nettengingum fyrir fyrirtæki og tryggja öryggi notenda eftir besta megni. Fyrir vikið verður rekstur öruggari, hraðari og upplifun notenda betri, segir Hannes. Þjónustuborðið er líka opið allan sólarhringinn og ef þörf krefur getur Síminn sent tæknimenn á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Internetið getur verið óöruggur staður og það er algengt að svikahrappar og tölvuþrjótur reyni að ógna netöryggi fyrirtækja á ýmsan hátt. Það þarf því bæði að þekkja hættur og setja upp varnir. Fyrirtækjaþjónusta Símans getur séð um að setja upp og viðhalda traustum og áreiðanlegum nettengingum og tryggja öryggi notenda eftir besta megni. Fyrir vikið verður rekstur öruggari, hraðari og upplifun notenda betri. Síminn er

líka með þjónustuborð sem er alltaf opið og getur sent tæknimenn í útköll ef þörf krefur.

Hannes Pétur Björnsson, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu Símans, segir að það séu helst fjórir hlutir sem Síminn telur fyrirtæki þurfa að hafa í huga til að tryggja netöryggi sitt.

„Í fyrsta lagi þarf að tryggja rekstraröryggi nettengingar og netbúnaðar, sem allir þurfa auðvitað til að komast á netið,“ segir hann.

„Það þarf að tryggja að netsamband sé stöðugt svo rekstur sé samfelldur. Það eru nokkrir undirpunktar sem við teljum að séu mikilvægir í tengslum við þetta.

Þar á meðal eru hlutir eins og varaleiðir, annaðhvort 4G varaleiðir eða viðbótartengingar, þannig að fyrirtæki verði ekki netlaust nema eitthvað mjög mikið gangi á,“ segir Hannes.

„Síðan er það sem snýr að viðhaldi og rekstri netbúnaðar

fyrirtækja, en þetta mætti almennt vera í betra standi hjá minni og meðalstórum fyrirtækjum sem eru oft ekki með búnað í rekstri,“ segir Hannes. „Það sem þú færð með því að vera með búnað í rekstri eru reglulegar öryggisuppfærslur frá tæknimönnum og utanumhald um þjónustusamninga ef eitthvað skyldi klinka, þannig að ef netbúnaður bilar er hægt að fá nýjan. Ef fyrirtæki á sinn eigin búnað og hann bilar er nefnilega ekki alltaf

hlaupið að því að fara og kaupa nýjan búnað. Þeir sem eru með fyrirtæki í rekstri sem mega ekki missa netsamband ættu að hafa þetta í huga.

Þökk sé mikilli ljósleiðaravæðingu á Íslandi er oft auðveldara en áður að skipta út búnaði og bæta við eftir þörfum þegar fyrirtæki stækka, eða að skila búnaði þegar það minnkar umfang sitt. Það er

Framhald á síðu 2 ➔



## Framhald af forsiðu →

betri kostur enda óþarfi að fara í stórar fjárfestingar," útskýrir Hannes.

„Þegar búnaður er í rekstri er hann í eigu Símans og það skiptir okkur mjög miklu máli að öll upplifun og uppitími sé eins og best verður á kosið og því er mjög stíft eftirlit með honum," segir Hannes. „Ef búnaður dettur út hringjum við í viðskiptavininn um leið og ef það er eitthvert vandamál til staðar hefst bilanagreining. Það skiptir okkur líka miklu máli að halda viðskiptavinum upplýstum allan tímann þegar eitthvað kemur upp á.“

## Eldveggir og öryggisafrit

„Þegar það er búið að tryggja samfelldan rekstur í búnaði og nettingum þarf næst að huga að því að hafa einhvers konar vegg, eða öryggislausn. Þar þarf einna helst að huga að öryggi á netbúnaðinum sjálfum, en til þess eru notaðir næstu kynslóðar eldveggir samhliða þessum hefðbundnu," segir Hannes. „Þeir bjóða upp á mun fleiri tegundir öryggis. Það helsta sem þeir bjóða upp á er vírusvörn á netbúnaði, sem spornar gegn því að tölvur á bak við búnaðinn sýkist, vef- og póstiur, sem sporna gegn óæskilegum vefsíðum og spam-tölvupóstum og svo netinnbrotsvarnir, svo það sé ekki hægt að brjótast inn í netkerfið í gegnum búnaðinn.“

Ofan á þetta kemur svo almennt öryggi á tölvunum sjálfum og í rekstrarumhverfinu á bak við það," segir Hannes.

„Þriðji punkturinn er að tryggja gögnin sín með því að gera örugg afrit af mikilvægustu gögnunum. Þessar gagnagislatökur eru ótrúlega



Hannes segir að það séu ýmsir hlutir sem fyrirtæki þurfa að hafa í huga til að tryggja netöryggi sitt og að þar geti Síminn komið að miklu liði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

algengar og erfiðar og við erum að sjá mörg dæmi um þær á Íslandi," segir Hannes. „Það er mikilvægt að vera búin(n) að huga að þessu og spyrja sjálfan sig: „Hvað gerist ef ég missi öll gögnin mín? Hversu slæm staða væri það fyrir mig og minn rekstur?“ Það þarf að huga að afritunarlausnum eða öruggri afritun og það eru margar lausnir í boði.“

## Þekking og ráðgjöf í boði

„Fjórði punkturinn er svo bara þekking, síðast en ekki síst. Það er mikilvægt að fyrirtækin sjálf fræði starfsmenn sína um helstu netögnir í dag," segir Hannes. „Við sjáum mikið af vefveiðum, þar sem er verið að reyna að plata fólk til að ýta á hlekki eða jafnvel millifæra stórar upphæðir inn á einhvern allt annan en ætlunin var upphaflega.“

Fyrirtækin þurfa líka að hafa aðgang að þekkingu eða setja sig í samband við sérfræðinga í



Vefveiðar (e. phishing) eru ein af þeim ógnum sem beinast gegn netnotendum í dag og full ástæða til að vera alltaf á varðbergi.

## Það er ekki gaman að borga fyrir netöryggi en þegar þú þarft á því að halda getur það margborgað sig.

öryggislausnum og fá ráðleggingar og kynningar á því sem er í boði og hvað er æskilegt að hafa," segir Hannes. „Síminn býður upp á slíka ráðgjöf og hér er gríðarleg þekking og sérfræðingar í bæði lausnum og ráðgjöf í þessum málum.“

Síðan eru náttúrulega alls konar síður, eins og netöryggi.is, sem er góður staður til að byrja á. Þar

eru ráðleggingar og fróðleikur um þessi mál. Vefurinn er ekki tengdur Símanum en þar eru mjög góðar upplýsingar," segir Hannes. „Það er líka fullt af öðru góðu efni um netöryggi aðgengilegt á netinu og það er gríðarlega mikilvægt að fyrirtæki hugi að þessum málum og skoði þetta.“

### Sérsmiðaðar tengingar og bætt yfirsýn á netbúnað

„Mörg fyrirtæki nota bara hefðbundnar internettengingar, en hluti af því sem býðst með viðnetsþjónustu Símans er að geta haft alls kyns útfærslur af nettengingum," segir Hannes. „Þær geta verið allt frá þessum hefðbundnu upp í mjög flóknar útfærslur á viðneti Símans sem gera fólk t.d. kleift að samtengja mörg útibú eða forgangsraða gögnum og þjónustum. Forsenda fyrir þessu er mjög vandleg þarfa-

greining á notkun fyrirtækisins, svo hægt sé að setja upp kerfi sem virkar hikstalaust.“

Við getum líka gefið fólk ýmiss konar skýrslur um það sem er að gerast á netkerfinu til að gera fólk meðvitað um það sem er að fara í gegnum netbúnaðinn þeirra," segir Hannes. „Þær sýna hvort eitthvað óeðlilegt sé að gerast á netinu sem væri sniðugt að loka á eða bregðast við á einhvern hátt. Slíkar skýrslur eru ekki persónugreinanlegar en þar getur komið fram ef eitthvað er í gangi sem vert er að skoða betur.“

## Eins og að kaupa tryggingu

„Með því að vera í þjónustu hjá okkur fæst svo auðvitað aðgengi að góðri þjónustu og vönum tæknimönnum og við erum með þjónustuborðið opið allan sólarhringinn, alla daga ársins. Út frá því er svo hægt að komast í samband við sérfræðinga Símans á ólíkum sviðum," segir Hannes. „Við bjóðum líka upp á vettvangsþjónustu, svo það er hægt að fá vana tæknimenn á staðinn ef þörf krefur.“

Fólk þarf að hugsa út í þessa þjónustu, það þarf ekki bara að setja upp búnað svo það sé hægt að komast á netið einu sinni og búið, það þarf að tryggja að þessi kerfi sinni alltaf sínu og gefi góða reynslu," segir Hannes. „Ég heyrði þetta orðað vel á UT-Messunni um helgina. Þar var netöryggi líkt við tryggingar. Það er ekki gaman að borga fyrir netöryggi en þegar þú þarft á því að halda getur það margborgað sig. Maður tímur kannski ekki þessum kostnaði í hverjum mánuði, en um leið og eitthvað fer úrskaiðis, til dæmis ef það verður gagnagislataka eða millfærsla fer á rangan stað vegna einhvers svikapósts, þá er þetta mjög fljótt að borga sig upp.“

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656

Veffang: frettabladid.is

# Net fyrirtækisins í öruggum höndum með Símanum

Viðnet frá Símanum er nettenging fyrir fyrirtæki sem tryggir örugga gagnaumferð og veitir aðgengi að reyndum sérfræðingum allan sólarhringinn. Hafðu samband og við finnum hagkvæmustu lausnina.

radgjof@siminn.is | s. 550 7000 | Netspjall siminn.is



# Deloitte.



## Traustur samstarfsaðili í netöryggismálum

Frá veikleikaprófunum til stefnumótunar

Höfum yfir 6.500 sérfræðinga í  
netöryggisþjónustu um allan heim

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)



# Netöryggi í spennandi framtíð

Á internetinu er hafsjór af upplýsingum og afþreyingu sem fólk nýtir sér í daglegu lífi, skóla og vinnu.

Arnór Fannar Theodórsson, vörustjóri hjá Vodafone, segir að möguleikarnir á netinu séu óteljandi og hafi breytt mörgu í lífi fólks til hins betra en hafi einnig sínar skuggahlíðar. „Vodafone leggur mikla áherslu á að fjölskyldan sé vel tengd og einn liður í því er netöryggi barna. Netvörn Vodafone gerir foreldri kleift að stjórna og takmarka umferð heimilisins á vafasömum heimasíðum og með læsingu á myndlykli og í Stöð 2 appinu getur foreldri sett inn PIN-læsinguna sem kemur í veg fyrir að hver sem er geti leigt sér efni,“ upplýsir hann.

„Einnig er hægt að læsa stöðvum eftir aldursstillingu sem er einstakt í sjónvarpsþjónustu á Íslandi. Með þessu stuðlar Vodafone að öruggari umgengni við internetið. Mikilvægasti þátturinn í netöryggi er fræðsla og upplýsingagjöf, bæði börn og full-orðnir verða að tileinka sér meðvitaða varkárni í umgengni sinni við internetið og má þar nefna



Netöryggi er afar mikilvægt og þarf að huga að. Vodafone býður fjölskyldum upp á netvörn sem hægt er að stjórna.

**„Einnig er hægt að læsa stöðvum eftir aldursstillingu sem er einstakt í sjónvarpsþjónustu á Íslandi.“**

sem dæmi netsvindl í gjafaleikjum þar sem meðvitað er reynt að hafa fé af fólki,“ útskýrir Arnór.

„Þrátt fyrir að internetið hafi verið hluti af okkar daglega lífi í tæplega 20 ár eru notendur stöðugt að læra að umgangast það,

bæði hvað varðar tímann sem fólk notar á internetinu, mörk sem það setur í samskiptum sínum í gegnum internetið og áreiðanleika gagna sem það finnur þar. Internetið er sístækkandi hluti í þeirri þjónustu sem fólk sækir, hvort



Arnór Fannar Theodórsson, vörustjóri hjá Vodafone, segir að Vodafone leggi mikla áherslu á að fjölskyldan sé vel tengd og einn liður í því er netöryggi barna.

sem um er að ræða bankaviðskipti, að kaupa í matinn eða horfa á sjónvarpið, það er því mikilvægt að netöryggi og þær leiðir til þess að gera enn betur á því sviði séu ávallt í skoðun og að samtalið við neytendur sé lifandi.“

## Kostur en ekki krafa að vera hakkari

Leikarinn Viðir Guðmundsson söðlaði um og lauk háskólagráðu í upplýsinga- og gagnaöryggi. Hann segir hættunarnar leynast víða og að skortur á netöryggi geti stefnt þjóðaröryggi í hættu.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordis@frettabladid.is



Nei, ég get ekki sagt að ég sé hakkari. Það er ekki krafa í mínu fagi þótt það sé tvímælalaust kostur,“ segir leikarinn Viðir Guðmundsson sem hélt utan til Svíþjóðar árið 2015 til að leggja stund á meistaranám í upplýsinga- og gagnaöryggi.

„Mig langaði að breyta til og skipta um starfsvettvang. Mér fannst þessi vettvangur spennandi enda er hann í stöðugri þróun, örur vexti og býður upp á ótal möguleika, auk þess sem eftirspurn eftir fólki með sérþekkingu á þessu sviði er mikil um allan heim. Svíþjóð varð svo fyrir valinu því það var þá eitt af fáum löndum sem buðu upp á meistaranám í þessum fræðum. Auk þess lá sænskan vel fyrir mér, konan mín talar reiprennandi sænsku og það er stutt heim til Íslands,“ segir Viðir kátur.

Fyrstu tvö árin eftir útskrift starfaði Viðir sem upplýsinga- og gagnaöryggisráðgjafi hjá PwC en síðastliðið haust réð hann sig til alþjóðlegs IT-ráðgjafarfyrirtækis í Stokkhólmi.

„Hættunarnar leynast víða, þær eru margar og sífellt að breytast,“ svarar Viðir spurður hvar mesta hættan liggja þegar kemur að netöryggi í dag. „Því er erfitt að benda á eitthvað eitt. Við þurfum að líta á netöryggi á heildstæðan hátt og kannski er mesta hættan falin í því hversu ómeðvitað við, og samfélagið allt, erum og hversu háð við erum ýmiss konar tölvukerfum



Viðir Guðmundsson er með meistarágráðu í upplýsinga- og gagnaöryggi.

og tækni án þess að átta okkur á hættunum sem fylgja því. Því þarf að auka meðvitund fólks og auka almenna fræðslu og menntun þegar kemur að upplýsinga-, gagna- og netöryggi.“

### Erfitt að sjá við netglæpum

Viðir útskýrir að netöryggi sé ávallt tengt tölvukerfum og internetinu á meðan upplýsinga- og gagnaöryggi sé eldra og vídtækara hugtak sem snúi að verndun upplýsinga í hvaða formi sem er, svo sem á pappír, rafrænum skjölum, samskiptum á milli kerfa og stjórnu upplýsinga.

„Eitt af því sem heillaði mig við fagið voru ýmiss konar forvarnir og ég hef tvímælalaust áhuga á að starfa við forvarnir innan sviðsins

sem er mjög breitt. Ég hef meðal annars unnið með forvarnir og menntun starfsmanna fyrirtækja auk þess að greina veikleika hjá fyrirtækjum gagnvart ýmiss konar netárásam og gagnabjórnaði en flest atvik og gagnaleka sem eiga sér stað má rekja til manlegra þátta og mistaka,“ upplýsir Viðir.

Hann segir landslagið vera að breytast og að nú séu skipulögð glæpasamtök sem stundi netglæpi rekin eins og hver önnur fyrirtæki.

„Það getur verið erfitt að sjá við þessum glæpum og takist hakkara að brjótast inn í tölvukerfi er meðaltími þar til árásin uppgötvasst um 200 dagar og þá á eftir að takast á við skaðann sem er löngu skeður í mörgum tilvikum. Þetta kallar á aukna samvinnu á

milli landa og þar sem netið er í raun landamæralaust geta aðilar stundað alls kyns glæpastarfsemi óáreittr á netinu á stöðum sem hvorki íslensk né evrópsk lög ná yfir. Því þarf breytinga við sem gera lögreglu og yfirvöldum kleift að takast á við tölvuglæpi á skilvirkari máta,“ segir Viðir.

Vinnubrögð aðila sem ógni netöryggi séu enda sannfærandi og því þurfi meiri mannskap til að vinna að netöryggi í nánustu framtíð.

„Fjöldi starfsmanna hjá lögreglu, með rétta kunnáttu til að afla og varðveita sönnunargögn, er lykilþáttur sem þarf að huga að. Ég veit að í mörgum tilfellum hér í Svíþjóð er lögreglan í raun ófær um að sinna öllum tölvuglæpum, bæði vegna manneklu og vegna þess hversu erfitt er að afla sönnunargagna auk lagalegra þátta sem flækja stöðuna enn meir.“

### Alþjóðleg glæpastarfsemi

Viðir er spurður hvort gagna-dulkóðun sé komin fram úr getu glæpamanna til að leysa hana.

„Já og nei. Sumir dulkóðar eru veikari en aðrir og þar af leiðandi er auðveldara að brjóta þá. Annars er gagna-dulkóðun bæði of stórt og flókið viðfangsefni til að svara í stuttu máli. Eftir því sem samfélagið verður nettengdara og háðara því að stýra og safna gögnum í gegnum netið aukast um leið veikleikarnir og þar með talinn möguleiki á ýmiss konar árásum sem geta stefnt þjóðaröryggi í hættu með skorti á netöryggi. Til dæmis að loka heilu raforkuveri, dulkóða sjúkraskrár, loka eða trufla banka-kerfi og svo framvegis. Allt gæti

„Eftir því sem samfélagið verður nettengdara og háðara því að stýra og safna gögnum í gegnum netið aukast veikleikarnir og þar með talinn möguleiki á ýmiss konar árásum sem stefnt geta þjóðaröryggi í hættu.“

það haft skelfilegar afleiðingar ef ekki er gert ráð fyrir réttum viðbrögðum,“ svarar Viðir.

Hann segir Norðurlöndin alls ekki undanskilin netglæpum og jafn útsett fyrir þeim og önnur lönd.

„Netglæpastarfsemi er alþjóðleg og leitar að samstarfsaðilum í löndum sem þeir sem hana stunda vilja hafa starfsemi í. Þar leita þeir að fólki sem kann tungumálið, þekkir fyrirtækjaumhverfið og svo framvegis. Þá má vera að lítil lönd með fámennar þjóðir og tungumál sem er einungis talað þar, eins og Ísland, séu ekki eins varnarlaus í mörgum tilfellum þar sem margar árásir byggja á tungumálanotkun,“ segir Viðir sem sló í gegn í hlutverki Gosa í Borgarleikhúsinu á sínum tíma.

„Ég hef ekki komið nálægt leiklistinni síðan ég fór út til náms 2015. Ég sé hana ekki á radarnum í dag en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?“



# Kjarvalsstóllinn

**HÖNNUN: SVEINN KJARVAL**  
Hannaður 1962

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)





# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allan virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Ræstingar

### FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Öðyr og góð þjónusta.

### FMJ Þrif ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða [raesting2010@yahoo.com](mailto:raesting2010@yahoo.com)

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

## Önnur þjónusta

## STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma



551 5000  
[proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
[www.proventus.is](http://www.proventus.is)

## Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Óskast keypt

### STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

### TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

## Geymsluhúsnæði

### GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsáttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna óskast

Málari getur bætt við sig verkefnum, 30 ára reynsla. Uppl. s: 848-8899

## 210 Garðabær

# Leitum að raðhúsi í Garðabæ!

Vantar gott 165-200 fm raðhús. Góðar greiðslur.

Nánari upplýsingar veitir:  
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali  
[jko@miklaborg.is](mailto:jko@miklaborg.is) sími: 775 1515

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggittir fasteignasalar

## Mosagata 5-7

210 Garðabær

TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

FULLBÚNAR TILBÚNAR ÍBÚÐIR

Nánari upplýsingar veita:

Jason Kr. Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 [jko@miklaborg.is](mailto:jko@miklaborg.is)

Pórhallur Þiering lögg. fasteignasali Sími: 896 8232 [thorhallur@miklaborg.is](mailto:thorhallur@miklaborg.is)

**Aðeins 5 íbúðir eftir í Mosagötu 5-7 við Urriðaholt**

- 4ra herbergja íbúðir
- 107 fm til 138 fm íbúðir

Verð frá: **56,9 millj.**

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggittir fasteignasalar

# CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

SÍMI 554 2166  
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

[WWW.CATALINA.IS](http://WWW.CATALINA.IS)

**LIFANDI TÓNLIST**

**TRAP**

FÖSTUDAG & LAUGARDAG  
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

# Við mönnum stöðuna

Capacent\_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[capacent.is](http://capacent.is)

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

**FAST** Ráðningar

